

drengsins muni eigi fara fram úr 5%. Með tilliti til þessa álits læknisins þykja kröfur stefnandi undir þessum lið vera hóflegar, og ber því að dæma stefndan til þess að greiða kröfu stefnandi undir þessum lið að fullu. Mót-mæli stefnds að því er snertir vaxtaupphæðina ber ekki að taka til greina, en hinsvegar ber að taka til greina kröfu hans um það, að vextir reiknist frá 17. nóvember 1939.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnandi samtals kr. 2480.90, með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. 1939 til greiðsludags, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 258.70.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af margháttuðum embættisönnum og setu dómarsans á alþingi undanfarið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Steingrimsson, greiði stefnand-anum, Guðfinnu Einarsdóttur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar, kr. 2480.90 með 6% ársvöxtum frá 17. nóv-ember 1939 til greiðsludags og kr. 258.70 í málskostn-að innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að við-lagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. október 1940.

Kærumál nr. 6/1940. Ásgeir Pétursson

gegn

bæjarfógetanum á Akureyri f. h.
rikissjóðs.

Frávísun kærumáls.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi bæjarfógetans á Siglufirði 25. f. m., hingað komnu 1. þ. m., var hæstarétti send kæra frá umboðsmanni kæranda, dags. 19. f. m., þar sem úr-

skurður Guðmundar bæjarfógeta Hannessonar á Siglufirði, kveðinn upp 14. s. m., er kærður eftir ákvæðum 199. gr. laga nr. 85/1936. Úrskurður þessi fjallar um það, hvort lögtak skuli gert í eignum kæranda til tryggingar greiðslu á tekjuskatti kæranda, sem á hann var lagður árin 1938, 1939 og 1940. Með því að úrskurður þessi sætir ekki kæru eftir ákvæðum 199. gr. téðra laga, sjá 198. gr. nefndra laga 4. tölul. a., þá verður að vísa kærumáli þessu frá hæstarétti ex officio.

Af hálfu varnaraðilja hefir hvorki nokkur greinargerð né krafa borizt hæstarétti, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rétt vera:

Kærumáli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógataréttar Siglufjarðar 14. sept. 1940.

Það verður nú að teljast rétt hjá gerðarþola, að lögtaksréttur sé fyrndur á þinggjaldi hans 1938, enda þótt gerðarbeiðandi hafi í apríl 1940 beðið um lögtak á þinggjaldinu hér og miðað væri við þann tíma, en dregizt hefir hér að framkvæma lögtakið frá í apríl, að beðið var um það, var af því, að gerðarþoli dvaldi þá ekki hér, né vitað var um, að hann ætti hér eignir, og var þá lögtakskrafan send til Rvk., þar sem gerðarþoli þá dvaldi, en er nú fyrir skömmu send þaðan hingað. Verður því þegar af þeirri ástæðu að neita um lögtak á því þinggjaldi nú. Að því er snertir lögtakið á þinggjaldinu 1939, þá er samkv. þinggjaldsreikningi gerðarbeiðanda reikningurinn gefinn út á manntalsþingi Akureyar 4. okt. 1939. Þá er manntalsþingið haldið samkv. þessum reikningi, og verður að taka það trúanlegt. Er lögtaksréttur á manntalsgjaldinu 1939 því ekki fyrndur, eins og gerðarþoli heldur fram. Að því er búsetu gerðarþola snertir, þá verður að telja ósannað, að hann sé búsettur hér á landi, en þótt svo sé, að hann sé

ekki búsettur hér á landi og hafi aðeins 1939 dvalið hér af vi majori — ófriðarástæðum —, þá er skattur sá, sem á hann er lagður, lagður á tekjur, sem hann hefir frá atvinnufyrirtækjum búsettum á Íslandi, og, eftir málflutningnum að dæma, einnig fyrir vinnu gerðarþola hér á landi í þágu þessara fyrirtækja, en slíkar atvinnutekjur eru skattskyldar hér á landi, jafnvel þótt skattþoli sé ekki búsettur hér á landi. Er því rétt að taka þinggjaldið 1939, kr. 483.17, lögtaki með $\frac{1}{2}\%$ dráttarvöxtum á mánuði frá 4. okt. 1939. Að visu bendir margt til þess, að gerðarþoli hafi greitt 1939 líka tekjuskatt í Kaupmannahöfn, og að lög 4/1939 gripi til slíkrar tvísköttunar, en gerðarþola ber að fá úr slíku skorið hjá skattayfirvöldum hlutaðeigandi lands, eða æðstu fjármálastjórnnum Íslands og Danmerkur, sbr. 8. gr. tédra laga, en kemur eigi til álita að meta slíkt við dómstólana, in casu í fógetaréttinum. Getur tilvísun gerðarþola til tvísköttunar og laga 4/1939 því ekki heldur hindrað framgang lögtaksins hjá gerðarþola.

Að því er þinggjald lögtaksþola frá 1940 snertir, þá er það samkv. munnlegum upplýsingum gerðarbeiðanda rétt, eins og gerðarþoli hefir haldið fram, að manntalsþing sé nú ekki háð á Akureyri 1940. En gerðarbeiðandi telur þinggjaldið eigi að síður gjaldkræft, af því að búið sé að ákveða upphæðina. Bendir hann í því efni til 1. og 5. gr. laga 65/1938. Það verður eigi talið, að þau lög heimili að telja tekjuskatt gjaldkræfan og lögtækan strax og hann sé ákveðinn. Allt annað er, þótt lögin segi, að endurgreiða skuli skattþegn erlendum, strax og tekjuskattur hans sé ákveðinn, það, sem kynni að vera of mikið haldið eftir af kaupi hans til greiðslu skattsins. Skattalögin skipa svo fyrir, að tekju- og eignarskattinn skuli innheimta á manntalsþingum. Fyrr en manntalsþingin eru haldin, eru slík gjöld því ekki gjaldkræf né lögtæk. Heldur væri þá að halda fram, að með 38. gr. réttarfarlaganna, sbr. líka atvugasemdir við þá grein, væru manntalsþing í kaupstöðum felld burtu, og væri því ekki hægt að fullnægja ákvæðum skattalaganna í kaupstöðum, að innheimta tekjuskattinn á manntalsþingum, og þar sem sá gjalddagi — manntalsþingdagurinn — væri felldur úr lögum, væri ekki hægt að halda neinum sérstökum gjalddaga fram á tekjuskatti í kaupstöðum, nema þeim degi, er endanlega væri gengið

frá ákvörðun tekjuskattsins, lokið endanlega við skattskrá. Þar sem hin eldri ákvæði um manntalsþing í kaupstöðum hafa ekki að fullu verið numin úr gildi með réttarfarslögnum og framkvæmd 38. gr. er framkvæmanleg, þótt forsenda greinarinnar um, að manntalsþing skuli ekki haldin í kaupstöðum, verði talin röng, verður eigi álitnið, að slík forsenda 38. gr. breyti skýrum fyrirmælum skattalaganna um gjalddaga tekjuskatts á manntalsþingum í kaupstöðum.

Verður því að telja, þinggjald gerðarþola 1940 sé enn eigi gjaldkræft, svo lögtak geti farið fram nú þegar.

Því úrskurðast:

Lögtak á tekjuskatti gerðarþola 1938 skal eigi fram fara fyrst um sinn, eigi heldur á tekjuskatti hans 1940, en tekjuskattur hans 1939, kr. 483.17, með $\frac{1}{2}$ % dráttarvöxtum á mánuði frá 4. okt. 1939, skal tekinn lögtaki.

Miðvikudaginn 9. október 1940.

Nr. 87/1939. **Eggert Claessen f. h. Tuxham A/S**

(Eggert Claessen)

gegn

Ástþóri Matthíassyni

(Garðar Þorsteinsson).

Fógetaúrskurði, er synjaði um aðför, hrundið að nokkru leyti.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. sept. 1939, hefir krafizt þess aðallega, að fógetaúrskurður sá, sem áfrýjað er, verði að öllu úr gildi felldur, og að fógeti verði skyldaður til þess að framkvæma fjárnám í eignum stefnda til tryggingar skuld samkvæmt dómi gestaréttar Vestmannaeyja frá 23. marz 1933, að fjár-